

Nr. 018 / 12 Martina RE 25**Leki í höfn**

Skipaskr.nr. 2361
Smíðaður: Hafnarfirði 1999, plast
Stærð: 8,9 brl. 8,2 bt.
Mesta lengd: 9,48 m Skráð lengd: 9,47 m
Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,2 m
Vél: Cummins 187 kW 1999
Fjöldi skipverja:



Gögn:
Gögn RNS

Martina ©Hafþór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. febrúar 2012 lá Martína RE 25 við bryggju í Reykjavíkurhöfn.

Báturinn hafði legið í höfninni frá s.l. hausti en reglulegt eftirlit var haft með honum og þegar eftirlitsmaður kom að honum um morguninn var kominn mikill austur í vélarrúmið. Þar sem austurinn náði langt upp á vélina og flaut yfir rafgeyma hafði rafmagn á sjálfvirkum lensidælum slegið út og ekkert rafmagn var á geymum.

Eftirlitsmaðurinn hafði samband við eigendur og var Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fengið til að dæla austrinum út. Kom þá í ljós að öxulleguhosa á áspétti var sprungin svo sjórinn streymdi inn í vélarrúmið. Martína RE var þegar færð að upptökubryggju og hífð á land.

Við rannsókn kom fram:

- að síðasta öxulskoðun gildi frá 1.7.2009 og til 24.6.2011, en ekki er vitað hversu gamall búnaðurinn var;
- að daginn áður hafði vélin verið gangsett og skrúfa eitthvað notuð.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar má rekja til ófullnægjandi viðhalds.